



VINSTRI GRÆN

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

Föstudagurinn 3. mars 2017.

15. Fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Daníel Haukur Arnarsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Björn Valur Gíslason, Álfheiður Ingadóttir. Á fjarfundi: Una Hildardóttir. Áheyrnarfulltrúi sveitarstjórnarráðs Óli Halldórsson. F.h starfsmanna: Bjarki Þór Grönfeldt, Bergþóra Benediktsdóttir og Líska Kristjánsdóttir.

Fundur settur kl. 15.06.

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar – fundargerðin lögð fram og samþykkt.
2. Opnir stjórnarfundir – Katrín kynnir drög að reglum um opna stjórnarfundir. Umræður um drögin. Framkvæmdastjórn gengur frá lokagerð í samræmi við umræður og plaggið síðan sent stjórn í tölvupósti til samþykktar.
3. Drög að tékklista vegna sveitarstjórnarkosninga – Líska Kristjánsdóttir leggur fram drög að tékklista vegna næstu sveitarstjórnarkosninga. Umræður um efni tékklistans. Mikilvægt að hefja fljótlega umræðu um undirbúning næstu sveitarstjórnarkosninga. Farið verður í heimsóknir til félaga okkar víða um landið til að aðstoða við undirbúning framboða fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Líska mun vinna áfram í tékklistanum í samráði við félaga sem hafa reynslu af vinnu við sveitarstjórnarkosningar. Þeir sem hafa athugasemdir eru beðnir um að koma þeim á framfæri við Líska.
4. Málefnaþópar fyrir landsfund. Katrín Jakobsdóttir kynnir drög að tillögu að endurskipulagningu málefnaþópa fyrir næsta landsfund. Umræður um fjölda og viðfangsefni einstakra málefnaþópa. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu mótatkvæði Daníel Hauks Arnarsonar að leggja fyrirbyggjandi tillögu fyrir flokksráðsfund á morgun.
5. Næsti flokksráðsfundur verður 18.-19. ágúst nk. Sumarferð verður farin

laugardaginn 19. ágúst í Borgarfirði. Guðný Dóra Gestdóttir, Ragnar Auðun Árnason, Bjarki Þór Grönfeldt og Rúnar Gíslason skipa hóp sem skipuleggur sumarferðina. Drög að ferðaáætlun sumarferðar kynnt á næsta stjórnarfundum.

Jakob S. Jónsson tekur sæti á fundinum kl. 15.40

Björg Eva Erlendsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 15.50.

Rósa Björk Brynjólfsson tekur sæti á fundinum kl. 15.55.

6. Önnur mál

a) Lagabreytingahópur – erindi barst frá lagabreytingarhópi. Þar er lagt til að núverandi hópur verði lagður niður og að stjórn skipi nýjan lagabreytingahóp sem skila skuli tillögum sínum á flokksráðsfundi í ágúst. Samþykkt að verða við því að leggja lagabreytingahópinn niður í núverandi mynd. Stjórn skipar nýja lagabreytingarnefnd á næsta stjórnarfundum í byrjun apríl.

b) Facebook hópur VG – umræða um samskipti í Facebook-hópi VG. Hvernig vettvangur er þessi hópur? Hvernig ætlum við að nýta hann? Byggja upp uppbyggjandi umræðuhéð, leita til fólks eftir álitum á málum. Björgu Evu er falið að vinna drög að reglum fyrir hópinn. Samþykkt að vísa málinu til skoðunar trúnaðarráðs hreyfingarinnar. Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu, Álfheiður Ingadóttir greiðir atkvæði á móti.

Daníel Haukur Arnarson vísar af fundum kl. 16.30.

8. Sameiginlegur fundur með þingflokki – umræða um stöðuna í stjórnámalunum og flokksráðsfundum framundan.

Kl. 16.28 taka sæti á fundinum Kolbeinn Óttarson Proppé, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Svandís Svavarsdóttir og Steinunn Þóra Árnadóttir.

a) Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG fer yfir stöðuna í þinginu. Öflugur 10 manna þingflokkur VG eftir kosningar. Góð blanda af reynslu og endurnýjun. Þingmenn hreyfingar hafa lagt fram fjölda tillagna. Umræða um stöðuna á þinginu og málefnum framundan.

Una Hildardóttir vísar af fundum kl. 16.35.

Una tekur sæti á fundinum kl. 17.13.

b) Tillaga um drög að ályktun fyrir flokksráðsfund

Víða um heim eru blikur á lofti í stjórnámálum og félagslegu réttlæti er ógnað. Ný ríkisstjórn á Íslandi er skipuð flokkum sem sameinast um hægristefnu, hafna því að sækja meira fjármagn til auðugasta fólksins í landinu og víkja sér undan að byggja upp þá innviði sem samfélagið þarf svo sárlega á að halda. Í stað skatta á fjármagn og auðlindanýtingu virðist helst stefnt að aukinni gjaldtöku á almenning. Samgöngukerfið verður vanrækt líkt og hjá fyrri ríkisstjórn, heilbrigðisþjónustuna á að reyna að bæta með þeim skilyrðum að ekki þurfi að sækja fjármagn til þeirra ríku, aukin áhersla er á einkarekstur og einkavæðingu, menntakerfið býr áfram við þrengingar og húsnæðismál liggja í láginni.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð stendur vaktina í stjórnarandstöðu ásamt öðrum félagslega sinnuðum öflum innan þings og utan og kallar eftir samstöðu þeirra aflu til að koma í veg fyrir óafturkræfar breytingar á íslensku samfélagi.

Mannréttindi, sjálfbærni og jöfnuður eru í fyrirrúmi, hér eftir sem hingað til, við viljum tryggja réttlæti og félagslegan jöfnuð öllum til handa, óháð aldri, kyni, búsetu, þjóðerni, lífsskoðun, heilsu og efnahag. Stærstu viðfangsefni nýrrar aldar eru að stemma stigu við ójöfnuði og hlúa að lýðræði um allan heim, verja náttúruna fyrir gráðugum peningaöflum og berjast gegn loftslagsbreytingum sem ógna lífi á jörðinni. Vinstrihreyfingin grænt framboð heldur þessum sjónarmiðum til haga og mun sjá til þess að þessar stóru spurningar verði á dagskrá stjórnámálanna. Ísland á að vera sterk rödd í alþjóðasamfélaginu í þágu friðar og jöfnuðar.

Ályktunin samþykkt efnislega.

Svandís Svavarsdóttir tekur saman athugasemdir við drögin og kemur á skrifstofu og ritara fyrir flokksráðsfund.

Fundi slitið kl. 18.10.

Næsti fundur stjórnar VG boðaður föstudaginn 7. apríl kl. 15.00.